

Amma er hörkutól en samt fannst mér hún verða að lítilli stelpu þegar kveðjustundin rann upp. Hún reyndi að bera sig vel en ég tók eftir því að hún barðist við að beygja ekki af. Ég skildi vel að henni fannst þrælerfitt að sjá á eftir okkur. Við systurnar vorum hálfgerðir heimagangar hjá henni og það átti eftir að verða tómlegt í kotinu án okkar. Alveg frá því ég var pínulítill hef ég dvalið hjá ömmu óteljandi eftirmiðdaga og kannski er það þess vegna sem vinkonum mínum finnst ég stundum tala eins og gömul kona. Þegar ég horfði á hana snúast í kringum okkur sá ég hvað hún var orðin gömul og hæg í hreyfingum. Þótt hún vildi ólm halda á töskunum með okkur réð hún eiginlega alls ekki við það.

Mamma fékk að fara í Sagaklassröðina og virtist þekkja annan hvern mann á vellinum.

— Eruð þið nokkuð að gleyma einhverju? spurði amma í sífellu og snerist í hringi í kringum sjálfa sig.

Elsku amma mín.

— Jú, heyrðu, brauðið, eruð þið með nestið? Auðvitað, ég er með það hérna sjálf í handtöskunni, hvernig læt ég, sagði hún og rétti mér stóran böggul.

Mamma hafði alla vega vit á að þegja að þessu sinni, lokaði augum og dró djúpt inn andann. Þá mundi ég eftir því sem amma hafði nefnt kvöldið áður, að mamma ætlaði að láta okkur hætta að borða brauð. Þegar ég var að því komin að brýna raustina og skjóta að mömmu beittum spurningaörvum varð mér litið á ömmu sem faðmaði mömmu að sér, svo ég hélt aftur af mér.

Við systurnar horfðum á þær mæðgur þar sem mamma gnæfði yfir ömmu á háum hælum og hélt henni þétt í fangi sér. Þvert á stemninguna fyrr um morguninn flæddu nú tár niður kinnarnar á mömmu í stríðum straumum á meðan hún þakkaði ömmu fyrir allt og bað hana fyrirgefningar á að hafa verið viðskotail undanfarið. Mamma á þessa mjúku hlið til en vandamálið er að maður veit bara aldrei hvenær hún brýst fram. Mig langaði til að ganga til þeirra og taka utan um þær báðar en fékk mig ekki til þess, stóð bara eins og þvara með kæliboxið í fanginu og bakpokann á gólfinu og reyndi að vera eins kúl og ég gat.

— Það er nú ekki annað en sjálfsagt að reyna að létta undir með ykkur. Þú hefur haft allt of mikið á þinni könnu undanfarið og ég vona bara að þú getir aðeins slakað á þegar þú kemur þarna út, sagði amma.

Hún hélt um axlirnar á mömmu og horfði ástúðlega upp til hennar. Ég gat vel séð að mamma var þrátt fyrir allt ennþá litla stelpan hennar þótt hún væri höfðinu hærri og léti alltaf eins og hún hefði allt sitt á hreinu.

Svo kvöddum við stelpurnar ömmu og um leið og tvíburarnir togðu mömmu í átt að rúllustiganum rétti amma mér samanvöðlaða seðla.

— Þessu ætla ég alla vega ekki að gleyma. Ég veit að þú átt eftir að standa þig og finna til þín. Við sjáumst svo um jólin, bætti hún við. — Þú nærð kannski að kaupa þér bók í Eymundsson sem þú getur lesið á leiðinni.

Eftir langt faðmlag og enn einn hálskökkinn ýtti hún góðlátlega eftir mér og ég rölti af stað með kæliboxið dinglandi við hlið mér.

Á leiðinni upp rúllustigann horfði ég á eftir ömmu þar sem hún haltraði út úr flugstöðinni. Mig langaði mest til að hlaupa á eftir henni og biðja hana um að keyra mig heim til pabba en gekk þess í stað í humátt á eftir mömmu og tvíburunum sem valhoppuðu og togðu hvor í sinn handlegginn á henni. Ég laumaðist til að kíkja á peningana, þetta voru 500 evrur. Ég fékk undir eins samviskubit því það er ekki eins og amma vaði í peningum. Þetta var ekki í fyrsta sinn sem hún lét mig fá skotsilfur eins og hún kallar það. Mig grunaði að henni fyndist hún þurfa að standa vörð um að ég fengi jafn mikið og litlu stelpurnar.

Áður en ég fór í gegnum vopnaleytingu hellti ég ísmolunum af fiskibollunum í ruslafötu. Kíkti svo á símann og sá mynd af Lindu sem var mætt á morgunæfingu. Með myndhettu og sundgleraugu rak hún út úr sér tunguna og skrifaði: *Ekki fara frá mér – strax farin að sakna þín.* Með fylgdi mynd af grátandi hvolpum. Ég sendi henni

nokkur hjörtu, hafði ekki orku í annað. Ég myndi sakna þess að geta ekki hlegið með Lindu að því sem engum öðrum en okkur fannst fyndið.

Ég mændi bænaraugum á öryggisvörðinn þegar hann horfði fullur grunsemda á bollurnar. Þannig kom ég þeim gegnum vopnaleitina en þegar ég ætlaði að líta sigrihrósandi á mömmu var hún farin inn í fríhöfn. Þetta var þá skýringin á því að hún rétti mér brottfararspjaldið og vegabréfið niðri í biðsal. Þegar ég kom inn í fríhöfnina var hún að prófa ilmvatn og segja afgreiðslukonunum frá fyrirætlunum okkar, hún kannaðist greinilega við þær.

— Vá, æði, þetta verður nú ævintýri. Frábært fyrir stelpurnar að læra nýtt tungumál. Njótið! Ó, guð hvað ég öfunda ykkur að vera að flytja í betra veður og verðlagið líka allt annað. Vöruúrvalið miklu betra og svona. Geggjað næs! Njótið!

— Mamma, sagði ég og gekk ákveðin inn í ilmvatnsskýið og leit hvasst á hana. — Er það rétt að þú ætlir að láta okkur hætta að borða brauð? Eða er það þannig að þú ein ætlir að hætta að borða brauð?

Viðbrögðin voru sterkari en ég hafði átt von á. Í nokkrar sekúndur mændu konurnar á mig frá toppi til tóar rétt eins og fyrsti Marsbúinn væri mættur í flugstöðina. Á svip mömmu mátti sjá að það var fyrst á þessari stundu sem hún tók eftir því að ég var í umrenningsbuxunum eins og hún kallar þær.

— Takk æðislega, stelpur, sagði mamma.

Því næst hnykkti hún drambsamlega til höfðinu og sagði allt annað en blíðlega:

— Komdu, góða.

Síðan strunsaði hún með okkur þrjár á eftir sér út úr versluninni.

— Hrafnhildur Unnsteinsdóttir, hvað á það að þýða að velja einmitt þessar druslur í dag?

— Getur þú byrjað á að svara spurningunni minni? Verður brauðbann þarna úti? Og hvernig hefði þá verið að segja mér það fyrr? Ég hefði sko aldrei komið með hefði ég vitað það!

Ég lagði frá mér bollurnar, hlammaði mér niður í næsta stól, krosslagði handleggi, skutlaði báðum fótum upp á boxið, starði á gráa stálbitana í loftinu og lokaði augunum.

— Það er full ástæða til að skera niður sykur og hveiti en við ræðum það ekki hér og nú.

Þegar ég opnaði augun stóð hún skælbrosandi yfir mér og kinkaði kolli til heillar áhafnar sem strunsaði í átt að landganginum.

— Jú! Við skulum bara ræða það einmitt núna, sagði ég og spennti krosslagða handleggi á bringu mér um leið og ég dró axlir upp að eyrum.

— Hvaða andskotans stælar eru þetta alltaf í þér, barn? Það eru tuttugu og fimm mínútur þar til við eigum að vera komnar út að hliði og þú veist að ég þoli ekki að vera of sein.

— Drífðu þig þá, ég verð hér. Hingað til hefur þú hvort sem er ekki verið sérlega spennt fyrir því að taka mig með til útlanda. Nú er ég ekki nógu fínt klædd fyrir þig. Hvað næst? Of rauðhærð?

— Eru engin takmörk fyrir ósvífnninni í þér, krakki?

— Ég vil bara fá svar við spurningunni minni. Er ekki nóg að ég sé að flytja út fyrir þig? Þarftu líka að banna mér að borða hveiti og sykur? Þú færð mig sko aldrei til þess.

— Af hverju í ósköpunum, Hrafnhildur, ætti ég að ræða þetta við þig núna þegar við erum á leiðinni upp í flugvél og þar að auki orðnar allt of seinar?

— Af því að þú sjálf hefur eiginlega logið að mér með því að segja mér ekki frá þessu en öllum öðrum.

— Hef ég logið að þér?

— Eiginlega já. Alla vega hefur þú vísvitandi leynt mig þessu.

— Þetta er algjört aukaatriði, Hrafnhildur. Ég skil barasta ekki af hverju við erum að eyða tíma í að tala um þetta hér og nú.

— Þetta er mikilvægt fyrir mig. Og ekki er það ég sem er allt of feit, bætti ég við og horfði glottandi á mömmu.

Tvíburarnir góndu á okkur og höfðu aldrei þessu vant vit á að þegja. Ég vissi að ég hafði gengið of langt, enn eina ferðina. Mamma er ekki einu sinni feit þótt henni finnist það stundum sjálfri. Hún var orðin eldrauð í framan, hallaði höfðinu aftur og andvarpaði. Svo settist hún við hliðina á mér og greip um höfuð sér. Það leið dágóð stund áður en hún sagði óvenju yfirveguð:

— Hrafnhildur, það er margt fólk hérna á vellinum sem ég kannast við og ég bið þig um að verða mér ekki til skammar. Við ræðum þessi brauðmál í betra tómi. Ef við drífum okkur náum við inn í Geysi til að kaupa á þig sómasamlegar buxur.

— Ertu að djóka? sagði ég og fussaði af fyrirlitningu.

— Alls ekki.

— Á tuttugu þúsund kall eða meira?

— Mér er sama hvað þær kosta en mér er aftur á móti alls ekki sama hvernig þú ert til fara.

— Vó, maður! Þú sem þóttist ekki hafa efni á bók sem mig langaði til að kaupa á fjögur þúsund og fimm hundruð krónur í síðustu viku hefur nú allt í einu efni á buxum fyrir morð fjár! Er ekki í lagi með þig?

— Við erum að renna út á tíma, Hrafnhildur, ég er að biðja þig í góðu. Viltu gera það fyrir mig að taka sönsum, manneskja.

Við sátum þegjandi í að því er virtist hálföld eða þangað til stelpurnar fóru að rífast yfir Hello Kitty-bangsa og báðu um að fá að kaupa sér eitthvað fyrst ég ætti að fá nýjar buxur. Mamma reyndi að róa þær en án árangurs.

— Komdu, elskan, sagði hún blíðlega og rétti fram höndina.

Ég sat sem fastast og sagði rétt eins og mér væri skít-sama:

— Ég skal skipta við þig, ég get farið í þínar og þú í mínar.

Út undan mér sá ég mömmu kinka brosandí kalli til bláklædds og myndarlegs flugmanns sem gekk hvítbrosemi fram hjá okkur. Við mig sagði hún á milli samanbitinna tannanna:

— Ef þetta á að halda svona áfram, þá þarf aldeilis að panta tíma hjá sálfræðingi fyrir þig, góða mín. Mér er gjörsamlega nóg boðið.

Svo sveiflaði hún svörtu leðurveski á öxl sér og bætti við:

— Ég treysti því að þú verðir komin út að hliði á réttum tíma. Síðan strunsaði hún af stað með stelpurnar á eftir sér.

— Farðu sjálf til geðlæknis, kallaði ég mátulega hátt á eftir henni.

Það fór um mig einkennileg sigurtilfinning þótt mér liði ekki vel. Um leið og ég horfði á eftir þeim arka út að hliði, stóð ég upp, gekk inn í fríhöfn og keypti mér stærsta pokann af M&M.